

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkv. reglugerð nr. 81/1965.

Forseti Íslands féllst hinn 7. júní 1966 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965:

### 1. gr.

52. gr. II. málsg. orðist svo:

Prófið, sem er aðeins skriflegt, fer fram í lok marzmánaðar ár hvert. Nú hefur stúdent sagt sig til prófs, en stengt ekki prófið eða kemur ekki til prófs og hefur lögmet forföll, og er þá skylt að halda endurpróf í lok aprilmánaðar.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 7. júní 1966.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 83.

15. ágúst 1966.

## L Ö G

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég skv. 8. gr. laga nr. 73 13. maí 1966 hef látið fella meginmál þeirra inn í lög nr. 42 4. apríl 1956 og gef þau út svo breytt:

### 1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri eru en svo, að þær rúmi 8 farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi eða réttindi til hópferðaaksturs frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, sem rúma 3 til 8 farþega. Til fastra ferða teljast í lögum þessum allar ferðir, sem farnar eru í hverri viku eða oftár árið um kring eða einhvern hluta þess. Til áætlunarferða teljast í lögum þessum allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðum á ákveðinni leið. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.